



Til hagsmunaaðila

Reykjavík, 11. október 2007

Fyrirhuguð ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um breytingar á notkun efsta hluta GSM 900 tíðnisviðsins (914-915/959-960 MHz) og um bann á innflutningi og sölu CT1 síma

I. Inngangur

Tíðnirófið er takmörkuð auðlind sem mikilvægt er að nýtt sé á sem hagkvæmastan hátt. Samkvæmt alþjóðasamþykktum er tíðnirófinu skipt í tíðnisvið sem hvert fyrir sig er ætlað fyrir tiltekna fjarskiptabjónustu.

Efsti hluti GSM 900 tíðnisviðsins, 914-915/959-960 MHz, hefur fram að þessu verið notaður hér á landi fyrir þráðlausa síma sem byggja á CT1 tækni. Ný stafræn tækni, DECT, sem notar tíðnisviðið 1880-1900 MHz, hefur smám saman verið að leysa CT1 tæknina af hólmi í Evrópu, þannig að DECT er sú tækni sem nú er fyrst og fremst notuð fyrir þráðlausa síma. Þráðlausir símar eru notaðir á takmörkuðu svæði, einkum á heimilum og vinnustöðum og er gerður greinarmunur á þeim og farsímum, t.d. GSM og NMT.

Þar sem CT1 tæknin notar hluta GSM tíðnisviðsins var fyrirséð í Evrópu strax á miðjum 10. áratug síðustu aldar að rýma þyrfti CT1 tíðnisviðið vegna mikillar fjölgunar GSM notenda. Þann 15. nóvember 2001 tók ECC (*e. Electronic Communications Committee*) þá ákvörðun að hætta notkun á CT1 tækni í áföngum (*ECC Decision on phasing out analogue CT1 and CT1+ applications in the 900 MHz band*). ECC er sjálfstæð undirnefnd CEPT (*e. European Conference of Postal and Telecommunications Administration*) og á Ísland fulla aðild að umræddum samtökum.

Í upphafi þessa árs gerði Póst- og fjarskiptastofnun könnun á því meðal innflytjenda og söluaðila notendabúnaðar til fjarskipta hvort símar sem byggðu á CT1 tækni hefðu verið fluttir inn eða seldir nýlega á Íslandi. Samkvæmt svörum fyrirtækjanna voru 2-5 ár síðan innflutningur og sala slíkra síma hefði síðast farið fram. Fram kom í máli eins stærsta innflytjenda síma hérlandis að hætt væri að framleiða slíka síma fyrir Evrópumarkað.

II. Lagaákvæði um tíðniskipulag og þráðlausan fjarskiptabúnað

Í 3. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, er fjallað um verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkvæmt 1. tölul. þeirrar greinar ber Póst- og fjarskiptastofnun að

annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Samkvæmt c-lið 2. tölul. sömu greinar ber Póst- og fjarskiptastofnun að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu með því að ýta undir hagnýta notkun tíðna og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þessara gæða.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, skal Póst- og fjarskiptastofnun í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðalausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið, semja tíðniplan í samræmi við skipulagið og veita upplýsingar um tíðniplanið eftir þörfum. Í athugasemdum við 14. gr. laganna kom fram að hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi skipulag tíðnirófsins yrði það sama og samkvæmt gildandi lögum. Sérstök áhersla væri þó lögð á að lágmarka skaðlegar truflanir.

Í 3. mgr. 65. gr. fjarskiptalaga segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti bannað sölu og notkun notendabúnaðar sem stofnunin telur hættu á að geti truflað aðra þjónustu í viðkomandi tíðnisviði. Þetta á við um markaðssetningu þráðlauss búnaðar í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæði þetta er nánar útfært í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 90/2007, um þráðlausan búnað og notendabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra. Þar kemur m.a. fram að telji Póst- og fjarskiptastofnun hættu á því að þráðlaus búnaður komi veg fyrir skilvirka nýtingu á tíðnisviðinu eða geti truflað aðra þjónustu í viðkomandi tíðnisviði getur stofnunin bannað notkun hans, bannað eða takmarkað markaðssetningu hans og/eða krafist þess að búnaður sé tekinn af markaðinum.

Samkvæmt l-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 90/2007, merkir hugtakið “markaðssetning” að flytja inn og/eða bjóða fram fjarskiptatæki, gegn greiðslu eða ókeypis, í því skyni að dreifa og/eða nota það á markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innflutningur til eigin nota telst markaðssetning um leið og fjarskiptatæki kemur inn á Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt i-lið sömu greinar er með “skaðlegri truflun” átt við truflun sem hætta er á að trufla virkni þráðalausra leiðsögutækja eða annarrar öryggisþjónustu eða sem á annan hátt dregur úr, hindrar eða truflar ítrekað fjarskiptaþjónustu sem er starfrækt í samræmi við gildandi reglur hér á landi eða á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt 64. gr. fjarskiptalaga getur Póst- og fjarskiptastofnun látið innsigla fjarskiptavirki eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

III. Fyrirhuguð ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um breytingar á notkun efsta hluta GSM tíðnisviðsins (914-915/959-960 MHz) og um bann á innflutningi og sölu CT1 síma

Í samræmi við áður nefnda ákvörðun ECC/DEC/(01)01, frá 15. nóvember 2001, um að hætta notkun CT1 tækni í 900 MHz tíðnisviðinu hyggst Póst- og fjarskiptastofnun breyta

skipulagi tíðnirófsins þannig að úthlutun fyrir CT1 tækni á 914-915/959-960 MHz tíðnibilinu er afturkölluð og umræddu tíðnisviði ráðstafað fyrir GSM þjónustu frá og með 1. janúar 2008.

Auk þess að framfylgja ákvörðun alþjóðasamtaka sem Póst- og fjarskiptastofnun á aðild að, eru meginrök þessarar ákvörðunar þau að stækka tíðnisvið það sem notað er fyrir GSM þjónustu þar sem farsímanotkun hefur síaukist og fleiri fjarskiptafyrirtæki hyggjast bjóða upp á farsímaþjónustu. Þannig ætti ákvörðun þessi að greiða fyrir aukinni samkeppni á þessu sviði auk þess sem tíðnirófið verður nýtt með hagkvæmari hætti en verið hefur. Auk þess er CT1 tæknin á hröðu undanhaldi og þráðlausir innanhússímar sem framleiddir eru í dag styðjast við DECT tækni sem vinnur á 1880-1900 MHz tíðnisviðinu.

Þó að framleiðsla CT1 síma virðist vera hætt fyrir Evrópumarkað og innflutningur og sala slíkra síma hefur ekki átt sér stað hér á landi undanfarin ár þykir Póst- og fjarskiptastofnun engu að síður nauðsynlegt að banna markaðssetningu slíkra síma hér á landi til að tryggja að notkun á CT1 tækni á umræddu tíðnisviði verði að mestu hætt á næstu misserum. Með stoð í 3. mgr. 65. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 90/2007 hyggst Póst- og fjarskiptastofnun því banna innflutning og sölu CT1 síma frá og með 1. janúar 2008.

Póst- og fjarskiptastofnun hyggst ekki að svo stöddu banna notkun CT1 síma. Notkun CT1 síma verður því áfram heimil hér á landi eftir 1. janúar 2008 svo fremi sem slíkir símar valda ekki skaðlegum truflunum á GSM þjónustu á umræddu tíðnisviði. Frá og með sama tíma nýtur CT1 símnotkun ekki verndar vegna truflana sem kunna að stafa af farsímaþjónustu á umræddu tíðnisviði. Að sögn söluaðila símtekkja er endingartími þráðlausra síma almennt um fjögur ár. Því er ljóst að notkun CT1 síma mun dragast verulega saman með hverju árinu sem líður og því er ekki talið að truflanahætta sé mikil. Truflanahætta gæti helst átt sér stað innan veggja heimila þar sem samtímis er talað í CT1 síma og GSM farsíma. Samkvæmt 64. gr. fjarskiptalaga getur Póst- og fjarskiptastofnun látið innsigla fjarskiptavirki eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

IV. Samráð við hagsmunaaðila

Fram kemur í 6. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, að áður en stofnunin tekur ákvörðun sem hefur veruleg áhrif á viðkomandi fjarskiptamarkað skal stofnunin veita hagsmunaaðilum rétt til umsagnar. Hér með er fjarskiptafyrirtækjum, innflytjendum og söluaðilum fjarskiptatekkja, almenningi og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta í máli þessu gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Athugasemdir óskast eigi síðar en 8. nóvember n.k.